



# SÝNINGAREGLUR

## FYRIR HUNDASÝNINGAR HRFÍ OG SÉRDEILDIR ÞESS

Gilda frá 1.jan 2009, uppfærðar 27. mars 2023.

HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

## Efnisyfirlit

Skipulag og stjórn .....	1
Sýningarskilmálar.....	1
Skráning og skráningargjald.....	2
Skyldur og ábyrgð sýnenda.....	3
Dómarar, hringstjórar og starfsmenn.....	4
Mótmæli .....	5
Skýring einkunna .....	5
Meistaraefni / Meistarastig.....	6
Flokkaskipting og framgangur sýningar.....	8
Sérstök ákvæði: .....	11
Ungir sýnendur .....	11
Einkunna-og verðlaunalitir .....	12
Undanþágur .....	12
Meistaratitlar.....	12
Sérákvæði um meistarareglur fyrir vinnuhunda .....	14
Skammstafanir.....	15
Útreikningur stiga .....	16

## Skipulag og stjórn

1. Stjórn Hundaræktarfélags Íslands (HRFÍ) skipar þriggja til fimm manna sýningastjórn og tvo varamenn. Sýninganefnd er skipuð fulltrúum frá deildum ásamt framkvæmdastjóra og/eða verkefnastjóra HRFÍ. Sýningastjórn skal sjá til þess að sýningar fari fram samkvæmt sýningarreglum, leysa mál eða deilur sem upp kunna að koma á sýningum. Hlutverk sýninganefndar er að annast verklega framkvæmd sýninga. Sýningastjórn er stjórn HRFÍ og deildum félagsins ráðgefandi varðandi sýningarmálefni almennt.

## Sýningarskilmálar

2. Velferð hundsins skal ætíð höfð að leiðarljósi á hundasýningum HRFÍ.

Félagsmönnum HRFÍ og félagsmönnum í félögum viðurkenndum af HRFÍ er einum heimilt að skrá til þátttöku hunda sína á sýningar Hundaræktarfélags Íslands. Við skráningu á sýningar skal nota skráningarkerfi félagsins.

3. Aðeins má sýna hunda sem skráðir eru í ættbók HRFÍ. Innflutta hunda má þó sýna án umskráningar, sé eigandi búsettur erlendis, hundarnir að vera ættbókarfærðir hjá erlendu hundaræktarfélagi, viðurkenndu af HRFÍ.

Hundar af hundakyni sem ekki er viðurkennt af FCI, skulu aðgreindir sérstaklega í sýningaskrá á alþjóðlegum sýningum. Þeir geta ekki tekið þátt í keppni í tegundarhóp. Íslenskan fjárhund með undanþáguskráningu má sýna á sýningum HRFÍ.

4. Óheimilt er að sýna skott- og/eða eyrnastýfða hunda sem fæddir eru á Íslandi. Sama gildir um hund sem fluttur er inn frá landi þar sem skott- og/eða eyrnastýfingar eru óheimilar. Óheimilt er að sýna alla skott- og/eða eyrnastýfða hunda frá og með 1. janúar 2025.

5. Hundur sem sýndur er á sýningum HRFÍ skal vera bólusettur gegn þeim smitsjúkdómum sem leyfilegt er að bólusetja gegn hér á landi og varanlega auðkenndur með örmerki eða húðflúri. Starfsfólki sýningar er heimilt að lesa af örmerkingu/húðflúri hunda á sýningarstað. Dýralæknisskoðunar er ekki krafist á sýningum HRFÍ, en séu sýndir fleiri en 50 hundar verður að tryggja dýralæknþjónustu.

6. Óheimilt er að vera með aðra hunda á sýningarsvæði en þá sem skráðir eru á sýningu, í hundafimi, hlýðnikeppni og/eða önnur sýningaratriði. Stranglega bannað er að koma með hvolpa yngri en 4 mánaða inn á sýningarsvæði HRFÍ nema um ræði sérstakan hvolpaviðburð á vegum félagsins, en þá er miðað við 3gja mánaða aldur og að hvolpurinn sé fullbólusettur.

Ávallt verður að hafa hunda í taumi á sýningarsvæði. Undantekning frá þessari reglu gildir aðeins í keppnishring við atriði eins og hlýðnikeppni, hundafimi og/eða önnur sýningaratriði.

Aldrei skal skilja hund eftir eftirlitslausan á sýningarsvæði þannig að öryggi hans eða annarra sé ótryggt eða hann valdi gestum, sýnendum og hundum þeirra ónæði.

7. Hundar sem komið er með á hundasýningu skulu almennt vera í góðu andlegu og líkamlegu ásigkomulagi. Sýnilega veikum, blindum eða heyrnarlausum hundi, hundi með húðsjúkdóm eða útvortis sníkjudýr skal vísa frá þátttöku. Leiki vafi á hvort eitthvað ami að hundi, getur sýningarstjóri, dómari eða dýralæknir sýningar krafist þess að hann verði skoðaður af dýralækni.

Hafi hundur orðið fyrir skaða sem hefur áhrif á útlit eða hreyfingar hans, en hann er að öðru leyti heilbrigður og dýralæknir getur staðfest með hvaða hætti skaðinn varð, skal sýnandi framvísa vottorði þess efnis til hringstjóra, fyrir dóm. Það er þó ætíð mat dómarans hvort skaðinn sé þess eðlis að ekki sé hægt að útiloka að hann hafi verið fyrir eða dylji annan hugsanlega galla eða hvort hann sé þess eðlis að hann útiloki að dómari geti metið útlit og hreyfingar hundsins út frá staðli hans.

8. Dómara eða sýningarstjóra er heimilt að vísa burtu grimmum eða á annan hátt hættulegum hundi. Bannað er að hafa munnkörfur, rafmagnshálsólar eða gaddakeðjur á hundum á sýningasvæði.

9. Óheimilt er að stunda sölumennsku með hunda/hvolpa á sýningarsvæði. Ræktendum er óheimilt að auglýsa starfsemi sína á sýningarsvæði HRFÍ, nema í sýningaskrá. Föt eða annað sem merkt er tiltekinni ræktun, hundi eða þ.h. eru stranglega bönnuð í dómhring. Sama á við um áberandi auglýsingar sama efnis við dómhringi.

10. Dómari skal ganga úr skugga um að rakki hafi rétt staðsett og eðlileg eistu. Hundur sem ekki hefur rétt staðsett og eðlileg eistu (sama hver ástæðan er) fær einkunnina 0 (disqualified). Óheimilt er að sýna hund, hafi eistu verið færð niður með skurðaðgerð.

Óheimilt er að sýna hvolpafulla tík sem er sett innan 30 daga (settur dagur miðast við 63 daga frá fyrstu þörun), og tík sem hefur gotið hvolpum innan við 75 dögum fyrir sýningardag (óháð útkomu gotsins).

11. Hafi verið gerð aðgerð á hundi í því skyni að lagfæra útlitsgalla, eða hafi feldur hunds verið meðhöndlaður með einhverju því efni sem getur breytt lit eða gerð feldsins, er óheimilt að sýna hann eða gefa umsögn um hann.

12. Óheimilt er að klippa, reita eða blása hund á sýningarstað nema það sé sérstaklega leyft á afmörkuðu svæði.

## Skráning og skráningargjald

13. Skráning á sýningar HRFÍ skulu fara fram í gegnum öruggan vefþjón eða með því kerfi sem félagið býður upp á. Skráningargjald verður að greiðast við skráningu, að öðrum kosti er skráning ekki tekin til greina. Skráning er bindandi og skráningargjald aðeins endurgreitt samkvæmt reglum í 17. Grein.

Eingöngu má skrá hund til þátttöku á sýningu undir því nafni sem hann ber í ættbók. Eigandi hunds ber ábyrgð á að allar upplýsingar á skráningarblaði séu réttar og fullnægjandi. Séu þær rangar eða ófullnægjandi, má neita skráningu eða jafnvel ógilda sýningardóm.

14. Sé villa í sýningarskrá, skal eigandi/sýnandi hunds vekja athygli hringstjóra á villunni. Hundur sem er ekki skráður í sýningaskrá, má ekki taka þátt í sýningunni. Undantekning er gerð ef ástæðan er mistök sýningahaldara eða þriðja aðila (t.d. staðfest mistök banka eða þess sem sér um sýningaskrá) og má þá hundurinn taka þátt með svokallað b-númer. Upplýsingar um b-númeraða hunda skulu vera til sýnis við hringinn og þeirra skal geta í niðurstöðupappírnum.

Óheimilt er að færa hund á milli flokka eftir að skráningafresti er lokið, nema um villu sé að ræða sem sýningahaldari ber ábyrgð á.

15. Óleyfilegt er að veita upplýsingar um hvaða hundar eru skráðir á sýningu eða afhenda sýningarskrá fyrr en á sýningardag. Dómari fær ekki aðgang að sýningarskrá fyrr en að sýningu lokinni.

16. Verði breyting á áður auglýstum dómara, skal sýnendum gerð grein fyrir breytingunni skriflega eða hún auglýst á vefsíðu félagsins. Sé það ekki mögulegt, skal vekja athygli sýnenda á breytingunni við inngang á sýningarstað eða við dómhring.

17. Skráningargjald fæst aðeins endurgreitt í eftirfarandi tilvikum:

- a. Ef skráning er ekki tekin til greina.
- b. Ef ljóst er eftir að skráningarfrestur rennur út, að áður auglýstur dómari eða varadómari mun ekki dæma. Er þá helmingur skráningagjalds endurgreiddur gegn skriflegri beiðni þar um, afhendingu sýninganúmers og framvísun greiðslukvittunar, í síðasta lagi áður en dómur í viðkomandi hundakyni hefst.

Ef sýning fellur niður vegna óviðráðanlegra ástæðna (force majeure), eiga eigendur skráðra hunda ekki rétt á endurgreiðslu skráningargjalda.

### Skyldur og ábyrgð sýnenda

18. Aldurslágmark sýnanda hunds er 13 ára (á sýningarárinu) að undanskildum keppendum í ungum sýnendum, yngri flokki, sbr. gr. 62. Í dómi skal sýninganúmer hunds borið á áberandi stað á hlið sýnanda.

19. Sýnandi/eigandi ber ábyrgð á hundi og því tjóni sem hann kann að valda á sýningarstað. Sama á við um hund í bíl/hjólhýsi eða annars staðar utan sýningasvæðis. Deilur sem kunna að rísa milli sýnenda af þessum sökum, eru alfarið þeirra mál og Hundaræktarfélagi Íslands og sýningarstjórn þess óviðkomandi.

20. Í birtri dagskrá sýningar kemur fram hvenær dómhringir hefjast, hvaða hundakyn eru dæmd í dómhring og hver dæmir þau. Sýnandi verður sjálfur að gæta þess að mæta tímanlega og við réttan dómhring með hund áður en dómar hefjast.

Hringstjóri metur hvort hundur komi of seint til dómhrings. Í slíkum tilvikum getur dómari ákveðið að gefa hundinum umsögn og einkunn eftir að hundakynið hefur lokið keppni. Hundurinn getur þó ekki tekið þátt í úrslitum.

21. Stranglega er bannað að reyna að hafa áhrif á sanngjarnt gengi hunda í dóm. Einnig er bannað að annar aðili en sýnandi, innan eða utan hrings, hafi eða reyni að hafa áhrif á sýningu hunds.

Sýnandi má ekki ræða við dómarann að fyrra bragði þegar hundurinn er í dóm. Erindum skal beina til hringstjóra.

Óviðkomandi fólk má ekki fara inn í sýningarhring þegar verið er að dæma í honum.

22. Það er alfarið bannað að gefa hundi lyf sem með verkun sinni örvar, róar, er verkjaeyðandi, hefur áhrif á atferli, geðslag eða geta á annan hátt haft áhrif á frammistöðu hunds eða getu á sýningu. Sýningarstjórn getur farið fram á blóðrannsókn, leiki grunur á að hundi hafa verið gefin lyf með ofangreindri virkni.

23. Heimilt er að hætta við að sýna hund við aðstæður sem lýst er í 17 gr. Að öðrum kosti er óheimilt að hætta við að láta dæma hund sem mættur er í dómhring, nema með leyfi frá sýningarstjóra eða dómara.

24. Harkaleg meðferð eða refsing á hundi á sýningarsvæði er stranglega bönnuð og getur leitt til brottvísunar frá sýningu og að hundur verði sviptur verðlaunum og við alvarleg brot – að máli viðkomandi verði vísað til frekari meðferðar sýningastjórnar eða stjórnar HRFÍ.

25. Aðili sem rekinn hefur verið úr HRFÍ eða sem hefur verið útilokaður frá sýningum HRFÍ eða annarra viðurkenndra FCI félaga, má ekki skrá eða sýna hund á sýningum HRFÍ. Sama gildir um þátttöku í ræktunar- eða afkvæmahóp. Regla þessi gildir einnig um aðila sem hefur sagt sig úr félaginu, hafi úrsögnin komið í veg fyrir að siðanefnd félagsins gæti fjallað á fullnægjandi hátt um mál á hendur honum. Eigandi ber ábyrgð á því að hundur sé ekki sýndur af útilokuðum aðila.

26. Bannað er að óvirða dómara eða á augljósan hátt gagnrýna störf hans. Sýnendur skulu sýna öðrum sýnendum og starfsfólki kurteisi.

Sýnanda eða umboðsaðilum hans er skylt að fara eftir lögum og reglum HRFÍ, reglum er varða sýninguna ásamt öðrum tilmælum starfsfólks sýningar. Brot á þessu kann að varða áminningu, frávísun af sýningarsvæði, að hundur verði sviptur verðlaunum og við alvarleg brot – að málinu verði vísað til frekari meðferðar sýningastjórnar eða stjórnar HRFÍ. Sýningastjórn getur beitt öllum ofangreindum viðurlögum, sýningastjóri getur beitt áminningu og frávísun af sýningarsvæði og hringstjóri getur beitt áminningu. Dómari getur vísað keppanda úr sýningahring og svipt hund sem hann hefur dæmt, verðlaunum á meðan á sýningu stendur.

### Dómarar, hringstjórar og starfsmenn

27. Dómari má ekki skrá eða sýna hund á sýningu sem hann dæmir sjálfur á, þann dag sem hann dæmir. Maki, nákomnir ættingjar eða heimilismeðlimir dómara mega skrá og sýna hunda (þó ekki hunda skráða á nafn dómara) af hundakynjum sem dómari er ekki að dæma umræddan dag. Hafi dómari, nákominn ættingi hans eða annar á heimili hans, átt (einn eða í sameign), haft um lengri eða skemmri tíma, selt, þjálfað eða snyrt hund á síðustu sex mánuðum fyrir sýninguna, má dómari ekki dæma umræddan hund. Dómari má ekki eiga samskipti við sýnendur fyrir dóm. Gisting, matarboð, heimsóknir og keyrsla til og frá sýningu falla m.a. hér undir. Á alþjóðlegum sýningum verða allir hundar sýndir af dómara sem ekki dæmir á sýningunni, að vera í eigu eða ræktaðir af honum sjálfum, samstarfsaðila, nákomnum ættingja eða heimilisfólki.

28. Dómaranemi og dómaraefni mega hvorki skrá né sýna hund á sýningu hjá dómara sem þeir læra hjá á sýningunni. Öðru starfsfólki í dómhring, þ.m.t. hringstjóranemum, er einnig óheimilt að skrá eða sýna hund hjá dómara sem það starfar með á sýningunni, nema hundur hafi lokið keppni þegar störf hefjast. Þetta á einnig við um úrslit. Þessir aðilar mega skrá og sýna hjá öðrum dómurum sýningar. Annað starfsfólk á sýningu má skrá og sýna hunda. Þó er því óheimilt að bera starfsmannamerki eða önnur auðkenni sem gefa til kynna að viðkomandi sé starfsmaður sýningar.

29. Aðilar sem siðanefnd HRFÍ hefur úrskurðað í sýningabann, mega ekki starfa á eða við sýningu á meðan bannið er í gildi.

## Mótmæli

30. Umsögn dómara eða ákvörðun hans um einkunn, sæti eða verðlaun, er endanleg og huglægt mat dómara kemur aldrei til endurskoðunar. Niðurstöðu dóms má einungis breyta í eftirtöldum tilvikum:

- a. Ef sýnt er fram á tæknileg mistök eða villu í dómnum
- b. Ef þátttaka hundsins fer gegn reglum HRFÍ

Sýningastjórn (og eftir atvikum, stjórn HRFÍ) tekur afstöðu til þess hvort breyta eigi niðurstöðu dóms skv. ofangreindu:

- a. Að frumkvæði sýningarstjórnar sjálfar eða stjórnar HRFÍ, eða eftir ábendingu dómarans sjálfs,
- b. Eftir mótmæli frá hundeiganda sem telur á sér brotið.

31. Vilji eigandi hunds mótmæla dómi, eða telji hann að brotið hafi verið á sér á einhvern hátt, verður sýningarstjórn HRFÍ að hafa borist skrifleg mótmæli fyrir lok sýningar þann dag sem meint atvik átti sér stað, ásamt kærugjaldi sem skal nema tvöföldum sýningargjöldum fyrir opinn flokk. Beinist mótmælin gegn réttmæti 0 einkunnar, skulu þau þó berast innan viku frá sýningardegi.

Mótmæli aðila sem ekki á beinna hagsmuna að gæta, eða ef formkröfum sbr. Að ofan er ekki fylgt, verða ekki tekin til skoðunar. Verði mótmælin tekin til skoðunar, skal sýningastjórn úrskurða skriflega í málinu innan þriggja daga frá lok sýningar. Ef ómögulegt reynist að úrskurða innan þeirra tímamarka, t.d. vegna þess að ekki tekst að afla fullnægjandi upplýsinga fyrir þann tíma, skal stjórn HRFÍ fá málið til úrskurðar.

Ef mótmælin eru tekin til greina, skal eftir atvikum fella niðurstöðu dóms (einkunn/sæti) úr öllum skýrslum félagsins og skráningargjald ásamt kærugjaldi, endurgreiðist. Úrskurði sýningarstjórnar má skjóta til stjórnar HRFÍ innan 30 daga frá dagsetningu hans, en úrskurður stjórnar HRFÍ er endanlegur.

## Skýring einkunna

32. Í gæðadómi gefur dómari hundi einkunn fyrir útlit, hreyfingar og skapperð og miðar við ræktunarmarkmið hundakynsins, án samanburðar við aðra hunda sem skráðir eru í sama flokk. Þannig geta margir hundar í sama flokki, fengið sömu einkunn.

Í gæðadómi eru eftirfarandi einkunnir gefnar:

### Ungviði og hvolpar:

**SL (sérlega lofandi):** Hvolpurinn er sérlega dæmigerður fulltrúi síns hundakyns þegar tekið er tillit til aldurs. Hann er í góðu andlegu jafnvægi, er af miklum gæðum og sýndur í frábæru formi. Kostir hvolpsins sem fulltrúa hundakynsins eru svo augljósir að óverulegir útlitsgallar draga hann ekki niður.

**L (lofandi):** Hvolpurinn er mjög dæmigerður og bygging í ásættanlegum hlutföllum þegar tekið hefur verið tillit til aldurs. Hann er í góðu líkamlegu formi. Minniháttar gallar eru þolanlegir en þó engir alvarlegir gallar í byggingu. Þessa einkunn má einungis veita hvolpi af lofandi gæðum.

**ML (minna lofandi):** Hvolpinn skortir einhverja áskilda eiginleika hundakynsins þegar tekið hefur verið tillit til aldurs eða hann er í lélegu líkamlegu formi.

## Aðrir:

**Excellent:** Hundurinn er sérlega dæmigerður fyrir hundakynið, sýndur í frábæru formi og í góðu andlegu jafnvægi; stórglæsilegur og af háum gæðum. Kostir hans sem fulltrúa hundakynsins eru svo augljósir að óverulegir útlitsgallar draga hann ekki niður. Tilhlýðlegur munur er á tík og rakka.

**Very good:** Hundurinn er dæmigerður fyrir hundakynið og bygging hans er í góðu jafnvægi og líkamlegt form er gott. Minniháttar gallar eru þolanlegir. Þessa einkunn má einungis veita hundi sem býr yfir glæsileik.

**Good:** Hundurinn er dæmigerður, kostir hans eru mikilvægari en gallarnir og getur hann talist góður fulltrúi hundakynsins.

**Sufficient:** Hundurinn er dæmigerður, en skortir þó einhverja áskilda eiginleika hundakynsins eða er í lélegu líkamlegu formi.

**0.einkunn (Disqualified):** Hundurinn er ekki dæmigerður fyrir hundakynið; hann sýnir árasargirni eða hegðun sem er í algeru ósamræmi við eiginleika kynsins; hann er ekki með tvö eðlileg og rétt staðsett eistu, hann er með tann- eða kjálkagalla, litar- eða feldgalla eða er albínói. Þessi einkunn er einnig gefin hundi þar sem gerð eða bygging hans kemur niður á heilsu hans eða almennu heilbrigði og hundi sem er með galla sem er óásættanlegur (*disqualifying*) samkvæmt ræktunarmarkmiði hundakynsins. Ástæður 0 einkunnar skal alltaf tilgreina í umsögn og á niðurstöðublaði. Hundur, sem í þrígang hefur fengið einkunnina 0 vegna skapgerðar/hegðunar, skal útilokaður frá keppni á hundasýningum HRFÍ.

Hundar sem ekki hljóta einhverja af ofangreindum einkunnum, ljúka keppni með umsögnina **Ekki hægt að dæma (EHD)**. Þessi umsögn er gefin hundi sem á því augnabliki sem dómari er að dæma hann, hreyfir sig ekki, vikur sér undan handfjötlu og skoðun dómara t.d. á tönnum, líkamsbyggingu, skotti og eistum, hoppar stöðugt upp á sýnanda, reynir að komast út úr hringnum eða hegðar sér þannig eða er þannig á sig kominn líkamlega að ekki er hægt að dæma hreyfingar hans eða líkamsbyggingu. Sama getur átt við um hund sem dómari telur sig sjá merki um eða hefur ríka ástæðu til að gruna að aðgerð hafi verið gerð á eða hann meðhöndlaður þannig að það geti haft áhrif á dóm. Ástæðu umsagnarinnar skal getið í umsögn og á niðurstöðublaði.

## Meistaraefni / Meistarastig

### 33. Íslenskt meistarastig / meistaraefni:

Veita má meistaraefni þeim *Excellent* hundum sem teljast framúrskarandi að gerð og eru að öllu leyti rétt byggðir með tilliti til ræktunarmarkmiðs og með lítillægum ágalla.

Meistarastig er veitt þeim rakka/tík sem bestu sætaröðun hlýtur í keppni um besta rakka og bestu tík tegundar, af þeim hundum sem koma til álita fyrir stigið og hafa áður hlotið meistaraefni. Komi hundar í sætum 1-4 ekki til álita fyrir stigið, veitir dómari það hundi úr hópi þeirra sem eftir standa með meistaraefni og til álita koma fyrir stigið.

Hundur kemur ekki til álita fyrir meistarastig:

- ef hann er þegar íslenskur sýningameistari (ISSCH) eða íslenskur meistari (ISCH).
- ef hann hefur þegar fengið tilskilinn fjölda íslenskra meistarastiga til að öðlast meistaranafnbót (ISCH eða ISSCH) og a.m.k. eitt þeirra eftir 24 mánaða aldur (24 mán. + 1 dagur) þ.e. „fullcertaður“.

Sýnandi skal láta hringstjóra vita að hundur hans komi ekki til álita fyrir meistarastig.



#### 34. Íslenskt öldungameistarastig (valkvætt)

Öldungastig er veitt rakka og tík með excellent og meistaraefni sem bestu sætaröðun hljóta í öldungaflokki og sem koma til álita fyrir stigið. Veiting öldungastigs hefur engin áhrif á veitingu íslensks meistarastigs. Hundur kemur ekki til álita fyrir öldungastig ef hann hefur þegar hlotið öldungameistaranaufnbót eða er kominn með þrjú öldungastig. Sýnandi skal láta hringstjóra vita að hundur hans komi ekki til álita fyrir stigið.

#### 35. Íslenskt ungliðameistarastig (valkvætt)

Ungliðastig er veitt rakka og tík með excellent og meistaraefni sem bestu sætaröðun hljóta í keppni í ungliðaflokki. Veiting ungliðastigs hefur engin áhrif á veitingu íslensks meistarastigs. Hundur kemur ekki til álita fyrir ungliðastig ef hann hefur þegar hlotið ungliðameistaranaufnbót eða er kominn með tvö ungliðastig. Sýnandi skal láta hringstjóra vita að hundur hans komi ekki til álita fyrir stigið.

#### 36. Alþjóðlegt meistarastig (CACIB)

Á alþjóðlegum sýningum keppa rakkar og tíkur um alþjóðlegt meistarastig (CACIB) og vara-alþjóðlegt meistarastig (Res-CACIB), í keppni um besta rakka og bestu tík tegundar. Dómarinn tilnefnir rakka og tík sem bestu og næstbestu sætaröðun hlýtur af þeim hundum sem til álita koma fyrir CACIB og Res-CACIB og sem hann telur af yfirburða gæðum. FCI, Alþjóðasamtök hundaræktarféлага, hafa endanlegt ákvörðunarvald um veitingu stigsins. Upplýsingar um staðfest stig eru birt á heimasíðu FCI ([www.fci.be](http://www.fci.be), undirsíða „Results”). Einungis þeir hundar sem hlotið hafa *Excellent og meistaraefni* koma til greina fyrir CACIB. Hundur sem skráður er í ungliðaflokk eða öldungaflokk kemur ekki til álita fyrir CACIB.

FCI staðfestir ekki CACIB tillögu veitta hundi sem:

- þegar hefur fengið titilinn C.I.B. (alþjóðlegur meistari) eða C.I.E. (alþjóðlegur sýningameistari).
- hefur ekki fullar þrjár kynslóðir (utan viðkomandi hunds) skráðar í FCI viðurkennda ættbók
- Er „fullcertaður” og lágmark eitt ár hefur liðið á milli fyrsta og síðasta stigs
- Er af hundakyni sem ekki er viðurkennt af FCI

#### 37. Alþjóðlegt ungliðameistarastig (CACIB-Junior)

Á alþjóðlegum sýningum keppa ungliða rakkar og ungliða tíkur um alþjóðlegt ungliðameistarastig (CACIB-Junior). Dómarinn tilnefnir rakka og tík sem bestu sætaröðun hlýtur af þeim hundum sem til álita koma fyrir stigið og sem hann telur af yfirburða gæðum. FCI, Alþjóðasamtök hundaræktarféлага, hafa endanlegt ákvörðunarvald um veitingu stigsins. Upplýsingar um staðfest stig eru birt á heimasíðu FCI ([www.fci.be](http://www.fci.be), undirsíða „Results”). Einungis þeir hundar sem hlotið hafa *Excellent og meistaraefni* koma til greina fyrir CACIB-Junior.

#### 38. Alþjóðlegt öldungameistarastig (CACIB-Veteran)

Á alþjóðlegum sýningum keppa öldunga rakkar og öldunga tíkur um alþjóðlegt öldungameistarastig (CACIB-Veteran). Dómarinn tilnefnir rakka og tík sem bestu sætaröðun hlýtur af þeim hundum sem til álita koma fyrir stigið og sem hann telur af yfirburða gæðum. FCI, Alþjóðasamtök hundaræktarféлага, hafa endanlegt ákvörðunarvald um veitingu stigsins. Upplýsingar um staðfest stig eru birt á heimasíðu FCI ([www.fci.be](http://www.fci.be), undirsíða „Results”). Einungis þeir hundar sem hlotið hafa *Excellent og meistaraefni* koma til greina fyrir CACIB-Veteran.

### 39. Norðurlandameistarastig (Nordic Show Cert)

Á Norðurlandasýningum (Nordic shows) keppa rakkar og tíkur um Norðurlandameistarastig (NORDICcc) og vara-Norðurlandameistarastig (Res-NORDICcc) í keppni um besta rakka og bestu tík tegundar, í þeim hundakynjum sem viðurkennd eru af NKU (Nordisk Kennel Union). Dómarinn tilnefnir rakka og tík sem bestu og næst-bestu sætaröðun hlýtur af þeim hundum sem til álita koma fyrir NORDICcc og Res-NORDICcc og sem hann telur af yfirburða gæðum. HRFÍ hefur endanlegt ákvörðunarvald um veitingu stigsins. Hafi hundur þegar fengið titilinn NORDICCh (Norðurlandameistari) á sýningardegi, eða niðurstöður hans eru felldar niður, færast stigið til hunds sem var tilnefndur til vara-stigs (Res-NORDICcc). Stigið getur ekki færst á þriðja hund.

### Flokkaskipting og framgangur sýningar

40. Rakkar og tíkur dæmast hvor í sínu lagi, rakkar á undan tíkum. Dómur skiptist í gæðaumsögn um hvern hund og keppni um sæti. Þegar dómari gefur gæðaumsögn, skoðar hann hundinn með tilliti til ræktunarmarkmiðs kynsins og gefur einkunn ásamt skriflegri umsögn sem sýnandi fær afrit af eða sem birt er rafrænt. Að loknum gæðadómi keppa þeir hundar sem náð hafa tilskyldum árangri um sætaröðun. Fjórir bestu hundar í hverjum flokki fá sæti, að því tilskyldu að þeir hafi fengið amk. *Very Good*.

41. Hvern hund má einungis skrá til keppni í einum flokki (undanskilið er keppni í ræktunar- og afkvæmahóp). Skráning í flokka miðast við aldur hundsins og þann árangur sem hundurinn hefur náð áður. Hundur skal hafa náð tilskildum aldri fyrir viðkomandi flokk við upphafsdag sýningar. Staðfesting á árangri þarf að berast fyrir lok skráningafrests á sýninguna.

### 42. Ungviðaflokkur (valkvætt)

Ungviðaflokkur er fyrir hvolpa á aldrinum 4 - 6 mánaða. Hvolpurinn fær skriflega umsögn og einkunn. Einkunnir í ungvíðaflokki eru sérlega lofandi (SL), lofandi (L) og minna lofandi (ML). Keppt er um sætaröðun. Hvolpur í fyrsta sæti með einkunnina sérlega lofandi, keppir um titilinn „Besta ungvíði tegundar“. Sá keppir síðan til úrslita um besta ungvíði sýningar/dagsins. Sýningastjórn getur heimilað að fullbólusettir hvolpar allt niður í 3gja mánaða aldur taki þátt í minni sýningum félagsins, s.s. hvolpasýningum og deildarsýningum og séu þá, eftir atvikum, sýndir í ungvíðaflokki.

### 43. Hvolpaflokkur (valkvætt)

Hvolpaflokkur er flokkur fyrir hvolpa á aldrinum 6 - 9 mánaða. Hvolpurinn fær skriflega umsögn og einkunn. Einkunnir í ungvíðaflokki eru sérlega lofandi (SL), lofandi (L) og minna lofandi (ML). Keppt er um sætaröðun. Hvolpur í fyrsta sæti með einkunnina sérlega lofandi, keppir um titilinn „Besti hvolpur tegundar“. Sá keppir síðan til úrslita um besta hvolp sýningar/dagsins.

### 44. Ungliðaflokkur (skylda)

Ungliðaflokkur er fyrir hunda á aldrinum 9 – 18 mánaða. Í ungliðaflokki fær hundur skriflega umsögn og einkunn. Þeir hundar sem hlotið hafa a.m.k. *Very good*, keppa um sætaröðun 1-4. *Excellent* hundar sem þykja svo framúrskarandi að gerð og byggingu og með svo óverulega galla að þeir geta talist framúrskarandi fulltrúar hundakynsins, geta hlotið *Meistaraefni*. Hundar sem hljóta *Meistaraefni* færast upp í keppni um besta rakka/bestu tík tegundar.

### 45. Unghundaflokkur (skylda)

Unghundaflokkur er fyrir hunda á aldrinum 15-24 mánaða. Í unghundaflokki fær hundur skriflega umsögn og einkunn. Þeir hundar sem hlotið hafa a.m.k. *Very good*, keppa um sætaröðun 1-4. *Excellent* hundar sem þykja svo framúrskarandi að gerð og byggingu og með svo óverulega galla að þeir geta talist framúrskarandi fulltrúar hundakynsins, geta hlotið

*Meistaraefni*. Hundar sem hljóta *Meistaraefni* færast upp í keppni um besta rakka/bestu tík tegundar.

#### 46. Opinn flokkur (skylda)

Opinn flokkur er fyrir hunda sem eru 15 mánaða og eldri. Hunda með íslenska meistaranafnbót (ISCH, ISSCH) er ekki hægt að skrá í opinn flokk. Í opnum flokki fær hundur skriflega umsögn og einkunn. Þeir hundar sem hlotið hafa a.m.k. *Very good*, keppa um sætaröðun 1-4. *Excellent* hundar sem þykja svo framúrskarandi að gerð og byggingu og með svo óverulega galla að þeir geta talist framúrskarandi fulltrúar hundakynsins, geta hlotið *Meistaraefni*. Hundar sem hljóta *Meistaraefni* færast upp í keppni um besta rakka/bestu tík tegundar.

#### 47. Vinnuhundaflokkur (skylda)

Vinnuhundaflokkur er fyrir hundakyn sem þurfa að skila vinnuprófi til að geta orðið alþjóðlegir meistarar, (C.I.B.), sbr. sérákvæði um meistarareglur fyrir einstök hundakyn. Flokkurinn er opinn hundum sem hafa uppfyllt kröfur skv. þeim og sem náð hafa 15 mánaða aldri. Ath. að vottorð um árangur þarf að berast í síðasta lagi fyrir lok skráningar. Í vinnuhundaflokki fær hundur skriflega umsögn og einkunn. Þeir hundar sem hlotið hafa a.m.k. *Very good*, keppa um sætaröðun 1-4. *Excellent* hundar sem þykja svo framúrskarandi að gerð og byggingu og með svo óverulega galla að þeir geta talist framúrskarandi fulltrúar hundakynsins, geta hlotið *Meistaraefni*. Hundar sem hljóta *Meistaraefni* færast upp í keppni um besta rakka/bestu tík tegundar.

#### 48. Meistaraflokkur (skylda)

Þessi flokkur er opinn fyrir hunda sem náð hafa viðurkenndum meistaratitli (C.I.B, C.I.E, ISSCH, ISCH eða sambærilegum titlum FCI aðildarlanda eða frá félögum viðurkenndum af FCI. Öldunga- eða ungliðameistaratitill er ekki gjaldgengur). Að baki slíkum titli þurfa að vera amk. tvö meistarastig frá landinu sem veitti meistaranaufnbótina og hundarnir þurfa að hafa náð 15 mánaða aldri.

Íslenskan meistara skal skrá í meistaraflokk, vinnuhundaflokk eða öldungaflokk. Íslenskan sýningameistara skal skrá í meistaraflokk eða öldungaflokk.

Í meistaraflokki fær hundur skriflega umsögn og einkunn. Þeir hundar sem hlotið hafa a.m.k. *Very Good*, keppa um sætaröðun 1-4. Þeir hundar sem þykja svo framúrskarandi að gerð og byggingu og með svo óverulega galla að þeir geta talist framúrskarandi fulltrúar hundakynsins, geta hlotið *Meistaraefni*. Hundar sem hljóta *Meistaraefni* færast upp í keppni um besta rakka/bestu tík tegundar.

#### 49. Öldungaflokkur (skylda)

Til þátttöku í öldungaflokki má skrá hund sem náð hefur 8 ára aldri. Öldungur fær skriflega umsögn og einkunn. Öldungar með a.m.k. *Very good* keppa um sætaröðun 1-4. Öldungar í sérlega góðu formi geta hlotið *Heiðursverðlaun*. *Excellent* öldungar sem þykja svo framúrskarandi að gerð og byggingu og með svo óverulega galla að þeir geta talist framúrskarandi fulltrúar hundakynsins geta hlotið *Meistaraefni*. Hundar með *Meistaraefni* færast upp í keppni um besta rakka/bestu tík tegundar.

#### 50. Besta ungvíði/hvolpur tegundar

Rakki og tík með 1. sæti í ungvíðaflokki/hvolpaflokki og *Sérlega lofandi* í einkunn, keppa um titilinn *Besta ungvíði tegunduar/Besti hvolpur tegundar*. Sigurvegari þeirrar keppni fer áfram í keppnu um *Besta ungvíði sýningar/dagsins / Besti hvolpur sýningar/dagsins*.

#### 51. Besti ungliði tegundar

Rakki og tík með 1. sæti í ungliðaflokki og *Meistaraefni*, keppa um titilinn *Besti ungliði tegundar*. Sigurvegari þeirrar keppni fer áfram í keppni um titilinn *Besti ungliði sýningar*. Hundur sem skráður er í ungliðaflokk getur hlotið íslenskt meistarastig, en hann getur ekki keppt um alþjóðlegt meistarastig (CACIB) á alþjóðlegum sýningum.

#### 52. Besti öldungur tegundar

Rakki og tík með 1. sæti í öldungaflokki og *Heiðursverðlaun* eða *Meistaraefni*, keppa um titilinn *Besti öldungur tegundar*. Sigurvegari þeirrar keppni fer áfram í keppni um titilinn *Besti öldungur sýningar*. Hundur sem skráður er í öldungaflokk getur hlotið íslenskt meistarastig, en hann getur ekki keppt um alþjóðlegt meistarastig (CACIB) á alþjóðlegum sýningum.

#### 53. Besti rakki tegundar / besta tík tegundar

Allir rakkar/tíkur sem hlotið hafa *Meistaraefni* keppa um sætaröðun 1-4 og titilinn *Besti rakki tegundar / Besta tík tegundar*.

#### 54. Besti hundur tegundar

*Besti rakki tegundar* og *besta tík tegundar* keppa um titlana *Besti hundur tegundar (BOB)* og *Besti hundur af gagnstæðu kyni (BOS)*. Dæmi fleiri en einn dómari viðkomandi tegund, skal sýningarstjórn tilnefna annan þeirra til að velja *BOB*. *BOB* keppir síðan um sætaröðun 1-4 í þeim tegundarhópi sem hundakynið tilheyrir.

#### 55. Besti hundur tegundarhóps

Á alþjóðlegum sýningum keppir *BOB* hvers hundakyns um titilinn *Besti hundur tegundarhóps (BIG)* og sætaröðun 1-4. Tegundarhópar eru tíu og gilda reglur FCI um hvaða hundakyn tilheyrir hverjum. Dæma má saman hunda í tegundarhópum 4/6 og 7/8.

#### 56. Besti hundur sýningar

Sigurvegari hvers tegundarhóps keppir til úrslita og sætaröðun 1-4 í *Besta hund sýningar (BIS)*.

#### 57. Afkvæmahópur (valkvætt)

Rétt til þátttöku með afkvæmahóp hefur tík eða rakki með þrjú til fjögur afkvæmi af sama hundakyni eða af sama afbrigði hundakyns (þar sem afbrigði getur átt sérstakan BOB fulltrúa). Afkvæmin skulu skráð til þátttöku og sýnd í öðrum flokkum sýningar, þó ekki í hvolpaflokkum. Afkvæmi sem hljóta einkunnina 0 eða "Ekki hægt að dæma" á sýningunni eru ekki gjaldgeng í afkvæmahóp. Undaneldisdýr verður að skrá til keppni með afkvæmahóp fyrir útgefinn skráningafrest sýningar í gegnum skráningakerfi félagsins. Undaneldisdýr þarf ekki að sýna í öðrum flokkum til að geta keppt með afkvæmahóp. Við skráningu í gegnum kerfi þarf ekki að velja hvaða afkvæmi taka þátt í afkvæmahópnum, þau eru valin og skráð á sýningasvæði hjá hringstjóra/ritara. Eigandi undaneldisdýrs velur þau afkvæmi sem hann vill sýna í afkvæmahópi og gerir eigendum þeirra viðvart í tíma. Aðeins má sýna undaneldisdýr með einn afkvæmahóp á sýningu.

Hópurinn fær umsögn sem ein heild. Megin áhersla er lögð á að hópurinn sé jafn að gerð og gæðum og samleitur undaneldisdýrinu og telst það hópnunum frekar til framdráttar en sá árangur og einkunnagjöf sem einn einstakur hundur í hópnunum hefur hlotið. Sýnanda/eiganda ber að sýna hund í afkvæmahópi, óski eigandi ræktunartíkur/hunds þess. Besti afkvæmahópur tegundar með heiðursverðlaun keppir til úrslita um *Besta afkvæmahóp sýningar/dagsins*.

#### 58. Ræktunarhópur (valkvætt)

Í ræktunarhópi eru þrír til fjórir hundar af sama hundakyni eða af sama afbrigði hundakyns (þar sem afbrigði getur átt sérstakan BOB fulltrúa) frá sama ræktanda. Ef hundarnir eru með

ræktunarnafn, skulu þeir allir bera sama ræktunarnafn. Ef ræktandi er jafnframt meðræktandi að öðru goti (ekki sama ræktunarnafn), má ekki sýna þau afkvæmi saman í ræktunarhópi. Aðeins má sýna einn ræktunarhóp af sama hundakyni (sama afbrigði kyns) frá sama ræktanda (með sama ræktunarnafn) á hverri sýningu. Hundar í ræktunarhópi geta verið úr öllum flokkum nema hvolpaflokkum og mega ekki hljóta 0 í einkunn eða "Ekki hægt að dæma". Ræktandi með ræktunarnafn skráir ræktun sína til keppni í ræktunarhóp fyrir útgefinn skráningarfrest í gegnum skráningakerfi félagsins. Ræktendur sem ekki eru með ræktunarnafn þurfa að skrá ræktunina á sýningu hjá skrifstofu félagsins fyrir útgefinn skráningarfrest. Við skráningu þarf ekki að velja hvaða hundar taka þátt í ræktunarhóp, þeir eru valdir og skráðir á sýningasvæði hjá hringstjóra. Ræktandi velur þá hunda sem hann vill sýna sem fulltrúa ræktunar sinnar og skal gera eigendum hundanna viðvart í tíma. Sýnanda/eiganda ber að sýna hund í ræktunarhópi, óski ræktandi þess.

Hópurinn fær umsögn sem ein heild. Megin áhersla er lögð á að hópurinn sé jafn að gerð, gæðum og útliti, og telst það hópnum meira til framdráttar en árangur og einkunnagjöf sem einstakur hundur í hópnum hefur hlotið. Besti ræktunarhópur tegundar með heiðursverðlaun keppir til úrslita um *Besta ræktunarhóp sýningar/dagsins*.

#### 59. Parakeppni (valkvætt)

Í parakeppni eru rakki og tík af sömu tegund, í eigu sama/sömu aðila, sýnd saman. Hundar í parakeppni geta verið úr öllum flokkum nema hvolpaflokkum og mega ekki hljóta 0 í einkunn eða ekki hægt að dæma. Tilgangur parakeppni er að sýna fram á hve lík rakki og tík eru. Þörum innan sömu tegundar er raðað í sæti og ef þau þykja framúrskarandi að gæðum geta þau fengið *Heiðursverðlaun*. Besta par tegundar með *Heiðursverðlaun* keppir til úrslita um *Besta par sýningar/dagsins*.

#### Sérstök ákvæði:

60. Hunda skal skrá á sýningu sem það feld-, litar- og stærðarafbrigði sem skráð er í ættbók sbr. ræktunarmarkmið hundakyns. Telji eigandi hundinn vera annað afbrigði en þar er skráð, getur hann óskað eftir álitni dómara þar um á sýningu sem hundurinn er skráður á, upp að tilgreindum aldri. Gera skal hringstjóra viðvart í tæka tíð og metur dómari hundinn áður en dómari í hundakyninu hefjast. Mat dómara er bindandi á viðkomandi sýningu og skal sýna hundinn sem það afbrigði sem dómari telur hann vera. Hundur er endanlega skráður í feldgerð og lit á fyrstu sýningu eftir 9 mánaða aldur, og í stærð eftir 15 mánaða aldur. Sambærilegar reglur gilda fyrir Continental Toy Spaniel af afbrigðunum Papillon/Phaléne og er endanlegt afbrigði ákvarðað á fyrstu sýningu eftir 15 mánaða aldur.

61. Telji eigandi hund ranglega endanlega skráðan sem afbrigði sbr. grein 60, getur hann óskað eftir því skriflega við skrifstofu HRFÍ að fá endurmat. Samdóma álit tveggja dómara í hundakyninu gefur þá endanlega niðurstöðu. Séu þeir ósammála, skal kalla til þriðja oddadómara. Hljótist kostnaður af matinu, skal eigandi hunds bera hann.

62. Hafi hundur hlotið stig til meistara sem eitt afbrigði en er síðar færður í annað afbrigði, heldur hann stigum, en meistaranafnbót fellur niður við breytingu, utan ungliðameistaratitils.

#### Ungir sýnendur

63. Keppni ungra sýnenda er skipt í tvo aldursflokka, 10-12 ára og 13-17 ára. Ungir sýnendur sem verða 10 ára á sýningarárinu taka þátt í yngri flokki en ungir sýnendur 13 ára og eldri (ártalið gildir) taka þátt í eldri flokki. Ungir sýnendur geta keppt í keppni ungra sýnenda út 17. aldursárið (ártalið gildir). Lögð er áhersla á að dæma framkomu unga sýnandans í dómhring, samspil hans og hunds og jafnframt hvernig hundur er sýndur.

Sá hundur sem ungmennið sýnir, verður að vera fullra 9 mánaða á sýningardag, skráður í ættbók HRFÍ og uppfylla þær reglur sem HRFÍ setur um sýningu hunda á sýningum HRFÍ. Ungum sýnanda er óheimilt að sýna tík sem er að lóða. Starfsfólki sýningar er heimilt að vísa ungum sýnanda frá keppni mæti hann með lóðatík.

Skráning í keppni ungra sýnenda fer fram á skrifstofu HRFÍ eða í tölvupósti til skrifstofu. Skráning telst ekki gild nema allar upplýsingar séu til staðar á skráningarblaði og að greiðsla hafi borist áður en skráningarfresti lýkur.

## Einkunna-og verðlaunalitir

64. Besti hundur tegundar (BOB): Rauður og gulur  
Besti hundur af gagnstæðu kyni (BOS): Grænn og hvítur  
Norðurlandameistarastig (NORDICcc): Gull og svartur  
Vara-Norðurlandameistarastig (Res-NORDICcc): Silfur og hvítur  
Alþjóðlegt meistarastig (CACIB): Hvítur  
Vara-alþjóðlegt meistarastig (Reserve CACIB): Appelsínugulur  
Meistarastig: Fánalitir  
Meistaraefni: Bleikur  
Heiðursverðlaun: Fjólublár eða hvítur og fjólublár

### Einkunn í gæðadómi:

Excellent : Rauður  
Very good: Blár  
Good: Gulur  
Sufficient: Grænn  
0.einkunn: Enginn  
„Ekki hægt að dæma”: Enginn

### Sætaröðun:

1. sæti: Rauður
2. sæti: Blár
3. sæti: Gulur
4. sæti: Grænn

Hundaræktarfélag Íslands áskilur sér allan rétt til að ákveða hvort og þá hvernig verðlaun eru veitt á sýningum félagsins.

## Undanþágur

65. Stjórn eða, eftir atvikum, sýningastjórn HRFÍ, getur gefið undanþágu frá sýningareglum sé til þess brýn þörf eða aðstæður með þeim hætti.

## Meistaratitlar

### 66. Íslenskur meistari (ISCh)

Til að hundur geti orðið íslenskur meistari þarf hann að hafa fengið þrjú stig til meistara á þremur sýningum HRFÍ hjá þremur mismunandi dómurum. Eitt af stigunum skal veitt eftir 24 mánaða aldur hundsins (24 mán.+ 1 dagur). Hundar af vinnuhundakynjum, sbr. sérreglur um meistaratitil fyrir vinnuhunda, verða einnig að uppfylla kröfur um árangur í vinnuprófum. Hundur sem hlotið hefur meistaranafnbót hjá hundaræktarfélagi viðurkenndu af HRFÍ (FCI), þarf eitt íslenskt meistarastig á sýningu á vegum HRFÍ, eftir 24 mánaða aldur (24 mán.+1 dagur), til að geta fengið íslenska meistaranafnbót.

### 67. Íslenskur sýningameistari (ISShCh)

Hundar af vinnuhundakynjum (sbr. sérákvæði fyrir nokkrar tegundir vinnuhunda) geta orðið íslenskir sýningameistarar (ISShCh) eftir að hafa fengið þrjú stig til meistara á þremur sýningum HRFÍ, hjá þremur mismunandi dómurum. Eitt af þeim stigum skal veitt eftir 24 mánaða aldur hundsins (24 mán.+ 1 dagur). Hundur sem hlotið hefur sambærilega sýningameistaranafnbót hjá hundaræktarfélagi viðurkenndu af HRFÍ, þarf eitt íslenskt meistarastig á sýningu á vegum HRFÍ, eftir 24 mánaða aldur (24 mán.+ 1 dagur), til að geta fengið íslenska sýningameistaranafnbót.

68. Eigandi hunds skal sækja um íslenska meistara- og sýningameistaranafnbót á þar til gerðu eyðublaði á skrifstofu HRFÍ. Með umsókninni skulu fylgja öll nauðsynleg gögn. Við veitingu íslenskrar meistaranafnbótar (ISCh), fellur niður íslenskur sýningameistaratitill (ISShCh) sem sami hundur kann að hafa hlotið, enda felst sá árangur sem liggur að baki honum í ISCh titlinum.

69. Þegar hundur hefur hlotið staðfestingu á íslenski meistara- eða sýningameistara-nafnbót, skal hann sýndur í meistara-, vinnuhunda- eða öldungaflokki. Ekki er hægt að skrá hund til þátttöku í meistaraflokki nema að staðfesting um meistaranafnbótina liggji fyrir áður en skráningafresti lýkur.

#### **70. Alþjóðlegur meistari (C.I.B.)**

Til að hljóta alþjóðlegan meistaratitil þarf hundur að hljóta fjögur alþjóðleg meistarastig (CACIB) á fjórum alþjóðlegum sýningum, sjá þó sérreglur um meistaratitil fyrir vinnuhunda. A.m.k. eitt ár verður að líða frá því að hundur fær sitt fyrsta stig og til þess fjórða. Þá skulu stigin hafa verið veitt af dómurum af a.m.k. þremur þjóðernum frá FCI aðildarlöndum.

#### **71. Alþjóðlegur sýningameistari (C.I.E.)**

Hundar af vinnu- og veiðihundakyni sem sýna þurfa fram á árangur í vinnuprófum til að eiga kost á C.I.B. titli, sbr. sérreglur um meistaratitil fyrir vinnuhunda, geta hlotið alþjóðlegan sýningameistaratitil með því að hljóta fjögur alþjóðleg meistarastig (CACIB) á fjórum alþjóðlegum sýningum frá dómurum af a.m.k. þremur þjóðernum frá FCI aðildarlöndum. A.m.k. eitt ár verður að líða frá því að hundur fær sitt fyrsta stig og til þess fjórða.

#### **72. Alþjóðlegur ungliðameistari (C.I.B.-J)**

Til að hljóta alþjóðlegan ungliðameistaratitil þarf hundur að hljóta þrjú alþjóðleg ungliðameistarastig (CACIB-Junior) á þremur alþjóðlegum sýningum, hjá þremur mismunandi dómurum.

#### **73. Alþjóðlegur öldungameistari (C.I.B.-V)**

Til að hljóta alþjóðlegan ungliðameistaratitil þarf hundur að hljóta þrjú alþjóðleg öldungameistarastig (CACIB-Veteran) á þremur alþjóðlegum sýningum, hjá þremur mismunandi dómurum.

74. Eigandi sækir um alþjóðlegan meistara- og sýningameistaratitil fyrir hund á þar til gerðu eyðublaði á skrifstofu HRFÍ. Umsókninni skulu fylgja þau gögn sem sanna að hundurinn hafi uppfyllt skilyrði FCI til þessara titla. Hundur telst ekki alþjóðlegur meistari eða sýningameistari fyrr en staðfesting um titilinn hefur borist HRFÍ frá FCI.

#### **75. Norðurlandasýningameistari (NORDICCh)**

Til að hundur geti hlotið Norðurlandasýningameistaranafnbót (NORDICCh) hjá HRFÍ þarf hann:

- a. Að vera skráður í ættbók HRFÍ
- b. Að hafa íslenska meistaranafnbót (ISCh/ISShCh)

- c. að hafa hlotið þrjú Norðurlandameistarastig (NORDICcc) frá þremur mismunandi dómurum á sýningum í þremur Norðurlöndum. Fyrir hunda skráða á Íslandi (HRFÍ) nægir að öll þrjú stigin séu frá þremur mismunandi dómurum á HRFÍ sýningum. A.m.k. eitt stiganna þarf að vera veitt eftir 24 mánaða aldur.

Sótt skal um titilinn hjá hundaræktarfélagi þess lands sem hundur er skráður hjá. Ef hundur er skráður utan Norðurlandanna, skal umsókn send hundaræktarfélagi þess lands sem veitti Norðurlandameistarastig síðast.

#### 76. Íslenskur öldungameistari (ISVetCh)

Til að hljóta öldungameistaranafnbót (ISVetCh) þarf hundur að fá þrjú öldungastig frá þremur mismunandi dómurum. Eigandi getur sótt um titilinn á þar til gerðu eyðublaði á skrifstofu HRFÍ. Með umsókninni skulu fylgja nauðsynleg gögn. Öldungameistari er ekki sýningameistari í skilningi FCI reglna, þ.a. titillinn veitir ekki þátttökurétt í meistaraflokki.

#### 77. Íslenskur ungliðameistari (ISJCh)

Til að hljóta ungliðameistaranafnbót (ISJCh) þarf hundur að fá tvö ungliðastig frá tveimur mismunandi dómurum. Eigandi getur sótt um titilinn á þar til gerðu eyðublaði á skrifstofu HRFÍ. Með umsókninni skulu fylgja nauðsynleg gögn. Ungliðameistari er ekki sýningameistari í skilningi FCI reglna, þ.a. titillinn veitir ekki þátttökurétt í meistaraflokki.

### Sérákvæði um meistarareglur fyrir vinnuhunda

#### 78. Ákvæði fyrir schäfer hund (166) í tegundarhópi 1.

Schäfer hundur þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði til að hljóta titilinn íslenskur meistari (ISCh):

- a. Hafa hlotið þrjú meistarastig á sýningum HRFÍ, hjá þremur mismunandi dómurum, þar af eitt stig eftir 24 mánaða aldur (24 mán.+1 dagur).
- b. Vera röntgenmyndaður m.t.t. mjaðmaloss (HD) og olnbogaloss (AD) (Gildir fyrir hunda fædda eftir 1. janúar 2005) og niðurstöður þurfa að liggja fyrir.
- c. Hafa varanlegt auðkenni (örmerki/húðflúr).
- d. Hafa staðist vinnueiginleikapróf sem hér segir:
  - i. Sporleitarpróf viðurkennt af HRFÍ eftir 9 mánaða aldur.
  - ii. Bronsmerki í hlýðni.
- e. Innfluttur hundur með IPOI próf (Schutzhund, SCHH1) jafngildir lið i og ii.
- f. Hundur sem hefur staðist B-próf frá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu; Björgunarhundasveit Íslands eða Leitarhundum SL, jafngildir lið i.
- g. Hundur sem hefur staðist A-próf frá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu; Björgunarhundasveit Íslands eða Leitarhundum SL, jafngildir lið i og ii.

79. Til að vinnuhundar sem tilheyra tegundahópum 1, 2, 3, 4, 5, 6 og vatna- og spanielhundar (Flushing/Water) í tegundahópi 8 (Gildir um hundakyn sem þurfa að skila vinnuprófum skv. *Breeds nomenclature* lista FCI – stjörnumerktir í *Working trials* reit, án sviga), hljóti titilinn íslenskur meistari (ISCh), gilda eftirfarandi reglur:

- a. Að hafa hlotið þrjú meistarastig á sýningum HRFÍ, hjá þremur mismunandi dómurum, þar af eitt stig eftir 24 mánaða aldur (24 mán.+1 dagur).
- b. Sporleitarpróf viðurkennt af HRFÍ eftir 9 mánaða aldur.
- c. Bronsmerki í hlýðni.
- d. Innfluttur hundur með IPOI próf (Schutzhund, SCHH1) jafngildir lið b og c.
- e. Smalaeðlispróf fyrir fjárhunda (jafngildir lið b og c).

80. Vinnuhundar (Working/Utility) í tegundahópi 1, 2, 3, 4, 5 6 og vatna- og spanielhundar (Flushing/Water) í tegundahópi 8 (Gildir um hundakyn sem þurfa að skila vinnuprófum skv.



*Breeds nomenclature* lista FCI – stjörnumerktir í *Working trials* reit, án sviga), þurfa að uppfylla eftirtalin skilyrði til að hljóta titilinn Alþjóðlegur meistari (C.I.B.):

- a. Tvö alþjóðleg meistarastig (CACIB) í einu eða fleiri löndum, frá tveimur dómurum af mismunandi þjóðerni og frá tveimur FCI aðildarlöndum. Eitt ár og einn dagur verða að líða milli fyrsta og síðasta alþjóðlegs meistarastigs. Dæmi: frá 1. janúar 2015 til 1. janúar 2016.
- b. Bronsmerki í hlýðni
- c. Sporleitarpróf I, viðurkennt af HRFÍ
- d. Innfluttur hundur með IPOI próf (Schutzhund, SCHH1) jafngildir lið b og c.

#### 81. Ákvæði fyrir tegundahóp 7

Hundur í tegundahópi 7 þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði til að hljóta titilinn íslenskur meistari (ISCh):

- a. Að hafa hlotið þrjú meistarastig á sýningum HRFÍ, hjá þremur mismunandi dómurum, þar af eitt stig eftir 24 mánaða aldur (24 mán.+1 dagur).
- b. Hundur þarf að vera röntgenmyndaður m.t.t. mjaðmaloss (HD) og niðurstöður þurfa að liggja fyrir.
- c. Hundur þarf að hafa varanlegt auðkenni (örmerki /húðflúr).
- d. Hundur þarf að standast vinnueiginleikapróf sem hér segir: Að hljóta a.m.k. 2. einkunn í unghundaflokki eða 3. einkunn í opnum flokki í veiðiprófi viðurkenndu af HRFÍ.

Einnig þarf hundur úr tegundahópi 7 að uppfylla eftirtalin skilyrði til að hljóta titilinn Alþjóðlegur meistari (C.I.B.):

- e. Tvö alþjóðleg meistarastig (CACIB) í einu eða fleiri löndum, frá tveimur dómurum af mismunandi þjóðerni og frá tveimur FCI aðildarlöndum. Eitt ár og einn dagur verða að líða milli fyrsta og síðasta alþjóðlegs meistarastigs. Dæmi: frá 1. janúar 2015 til 1. janúar 2016.
- f. Hafa lokið veiðiprófi í samræmi við eiginleika viðkomandi hundakyns á veiðiprófi viðurkenndu af HRFÍ.

#### 82. Ákvæði fyrir tegundahóp 8

Retrieverhundur þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði til að hljóta titilinn íslenskur meistari (ISCh):

- a. Hafa hlotið þrjú meistarastig á sýningum HRFÍ hjá þremur mismunandi dómurum, þar af eitt stig eftir 24 mánaða aldur (24 mán.+ 1 dagur).
- b. Hafa varanlegt auðkenni (örmerki/húðflúr).
- c. Hljóta a.m.k. 3. einkunn í opnum flokki á B retriever- veiðiprófi, viðurkenndu af HRFÍ.

Einnig þarf hundur úr tegundahópi 8 að uppfylla eftirtalin skilyrði til að hljóta titilinn Alþjóðlegur meistari (C.I.B.):

- d. Tvö alþjóðleg meistarastig (CACIB) í einu eða fleiri löndum, frá tveimur dómurum af mismunandi þjóðerni og frá tveimur FCI aðildarlöndum. Eitt ár og einn dagur verða að líða milli fyrsta og síðasta alþjóðlegs meistarastigs. Dæmi: frá 1. janúar 2015 til 1. janúar 2016.
- e. Hafa lokið veiðiprófi viðurkenndu af HRFÍ í samræmi við eiginleika viðkomandi hundakyns.

## Skammstafanir

### 83. Skammstafanir

NORDICcc: Norðurlandameistarastig

Res-NORDICcc: Vara-Norðurlandameistarastig  
CACIB: Alþjóðlegt meistarastig  
Res-CACIB: Vara-alþjóðlegt meistarastig  
FCI: Alþjóðasamtök hundaræktafélaga  
NKU: Samtök norrænna hundaræktarfélaganna  
HD: Mjaðmalos  
AD: Olnbogalos  
HRFÍ: Hundaræktarfélag Íslands  
NORDICCH: Norðurlandameistari  
C.I.B: Alþjóðlegur meistari  
C.I.E: Alþjóðlegur sýningameistari  
ISCh: Íslenskur meistari  
ISShCh: Íslenskur sýningameistari  
ISVetCh: Íslenskur öldungameistari  
ISJCh: Íslenskur ungliðameistari

## Útreikningur stiga

### 84. Stigaútreikningur fyrir stigahæsta hund ársins

Gefin eru stig til fjögurra efstu hunda í hverjum tegundahópi. Stigagjöf fyrir sætaröðun í tegundahópi fer eftir fjölda tegunda sem keppa til úrslita í tegundahópnum á viðkomandi sýningu. Stig eru aðeins gefin á opnum ræktunarsýningum félagsins á viðkomandi almanaksári, þar sem allar hundategundir geta tekið þátt. Stigahæsti hundur ársins er heiðraður á loka sýningu ár hvert.

Besti hundur sýningar, stigafjöldi eftir sætaröðun:

BHS-1: 12 stig

BHS-2: 11 stig

BHS-3: 10 stig

BHS-4: 9 stig

Stig fyrir hunda, eftir úrslit í tegundahóp og fá ekki sæti í BHS:

Fjöldi tegunda í keppni í úrslitum tegundahóps á sýningu	1. sæti	2. sæti	3. sæti	4. sæti
1-5 tegundir	4	3	2	1
6-10 tegundir	5	4	3	2
11-15 tegundir	6	5	4	3
16 eða fleiri tegundir	7	6	5	4

### 85. Stigaútreikningur fyrir stigahæsta öldung ársins

Stig eru aðeins gefin á opnum ræktunarsýningum félagsins á viðkomandi almanaksári, þar sem allar hundategundir geta tekið þátt. Aðeins besti öldungur tegundar (BÖT) með framhaldseinkunn (m.efni eða heiðursverðlaun) getur fengið stig enda keppir hann í úrslitum um besta öldung sýningar (BÖS). Stigahæsti öldungur ársins er heiðraður á síðustu sýningu ár hvert.

Besti öldungur sýningar, stig eftir sætaröðun:

BÖS-1 12 stig

BÖS-2 11 stig

BÖS-3 10 stig

BÖS-4 9 stig

### 86. Stigaútreikningur fyrir stigahæsta unga sýnanda ársins

Stig eru aðeins gefin á opnum ræktunarsýningum félagsins á viðkomandi almanaksári, þar sem allar hundategundir geta tekið þátt. Stigahæstu ungu sýnendur ársins í yngri og eldri flokki eru heiðraðir á síðustu sýningu hvers árs.

Stigagjöf fyrir unga sýnendur yngri og eldri flokki:

1. sæti: 40 stig
2. sæti: 30 stig
3. sæti: 20 stig
4. sæti: 10 stig

### Bráðabani

Ef tveir keppendur eru jafnir að stigum í lok árs sem stigahæstu ungu sýnendur ársins þarf að efna til bráðabana til að ákvarða um endanlega sætaröðun. Komi til bráðabana tilnefnir stjórn Unglingadeildar hlutlausan aðila til að sjá um framkvæmdina. Keppendur byrja á því að koma með hund að eigin vali inn í hringinn. Keppendur fá síðan skiptihunda af sömu tegund, sem þeir þekkja ekki.

### 87. Stigakerfi til útreiknings á stigahæsta ræktanda ársins

Stig eru reiknuð fyrir hvert viðurkennt hundakyn ræktanda (ef við á: sama afbrigði hundakyns - getur átt sérstakan BOB fulltrúa). Stig fleiri hundakynja ræktanda leggjast því ekki saman. Sá ræktandi sem hefur flest stig fyrir einstakt hundakyn eftir hundasýningar ársins (janúar til desember) fær viðurkenninguna „Ræktandi ársins“. Til að eiga kost á stigum, skal ræktandi vera félagsmaður í HRFÍ, búsettur með lögheimili á Íslandi og eiga FCI viðurkennt ræktunarnafn. Stig eru einungis gefin á sýningum Hundaræktarfélags Íslands sem eru opnar öllum tegundum og gefa stig til meistara.

Á hverri sýningu eru eftirfarandi stig gefin:

- 1 stig fyrir hvert meistaraefni úr ræktun viðkomandi,
- 2 stig fyrir ræktunarhóp úr viðkomandi ræktun með heiðursverðlaun

Ræktunarhópur úr ræktun viðkomandi sem nær sæti í BIS úrslitum dags:

1. sæti – 5 stig
2. sæti – 4 stig
3. sæti – 3 stig
4. sæti – 2 stig.

Stigahæsti ræktandi ársins samkvæmt þessu kerfi verður annað hvort heiðraður á sérstakri uppskeruhátíð félagsins eða á fyrstu sýningu ársins.

Reglurnar gilda frá 1. janúar 2009.

Uppfærðar í maí 2012.

Uppfærsla 12. maí 2016 tekur gildi 1. júní 2016.

Uppfærsla 9. júní 2017 tekur gildi 9. júní 2017.

Uppfærsla 24. janúar 2018 tekur gildi 24. janúar 2018.

Uppfærsla 21. nóvember 2018 tekur gildi 21. nóvember 2018.

Uppfærsla 19. september 2019 tekur gildi 19. september 2019.

Uppfærsla 12. mars 2020 tekur gildi 12. mars 2020.

Uppfærsla 23. janúar 2023 tekur gildi 23. janúar 2023.

Uppfærsla 27. mars 2023 tekur gildi 27. mars 2023